


AFSTÖÐUMYND 1:500

**Byggingarlýsing**
Þjónustustöð Olís Brúartorg 8
Staðgreinir. 3609-22-15130080, Landnúmer. 176491
Lóðarstærð: 3517,5 m²
Á lóð eru:
Verslun, þjónusta 508.9 m² MHL 01 0101
Skyggni MHL 02 0101
Nýtingarhlutfall: 0,14
Fjöldi bílastæða: 18 þar af eitt fyrir fatlaða

**Sótt er um:**

1. Að koma fyrir þvottaplani, með ryksugu og þurrkstæðum. MHL 03 101 stærð 100,1 m²
2. Útbúa bílastæði fyrir stóra bíla
3. Koma fyrir díóðuskilti á suðurhluta lóðar; hæð 230cm breidd 180cm

**Almenn lýsing**
Bensínstöðin er verslunar- og þjónustubygging ásamt skyggni yfir eldsneytisdælur. Byggingin er tvær hæðir að hluta, reist á steyptum sökkli og plötu. Botnplata og sökklar eru einangraðir.
Útveggir eru byggðir úr steyptum einangruðum samlokueiningum.
Þak er loftað timburþak með málmklæðningu.
Skyggni yfir bensíndælum er borið uppi af 4 stálsúlum. Þak skyggnis er borið af stálbitum, klætt sléttum stálplötum. Að neðan er skyggni klætt PVC húðuðu bárustáli
Skilti á lóð er 690 cm hátt.

**Loftræstikerfi:**
Öll lokuð rými eru loftræst vélrænt. Loftinnblástur skal stöðvast við reykboð frá loftinntaki og útsogsháfi í eldhúsi. Jafnframt rofnar straumur að eldunarlínu við reykboð frá útsogsháfi.

**Lagnir og mengunarvarnir**
Frárennsli frá þvottaplani leitt í sand og olíuskilju úr vatn frá olíuskiljum fer í holræsakerfi. Olíuinnihald vökvafasans sem kemur frá olíuskilju á ekki að vera meiri en 5 mg/l. Skiljur og geymar eru búnir viðvörunarbúnaði sem segir til um hvenær tæmingar sé þörf.

**U-gildi húsa:**
Skriftstofur ,starfsmannaaðstaða, afgreiðsla og verslun: **A-flokkur** +18°c
Skriftstofu,starfsmannaaðstaða, afgreiðslu –og verslun eru með U-gildi í samræmi við 180.3gr. byggregl.441/1988
þar sem Ti>=18°c
Útreikningar "U"-gilda byggingarhlutar eru gerðir í samræmi við ÍS EN 26946-1.

| | "U"-gildi (W/m2°K) |
|---|---|
| Þak: | 0,2 |
| Útveggir: | 0,4 |
| Gluggar: | 2,0 |
| Gólf á fyllingu: | 0,3 |
| Útveggir- meðaltal: (veggfletir, gluggar og hurðir) | 0,85 |

**Brunavarnir**
Brunahólfun:
Byggingin er ein brunasamstæða en skiptist í 2 brunahólf. Skrifstofa, snyrting, gangur og veitingasalur á efri hæð mynda sjálfstætt brunahólf R60 í hæðarskilum, EI60 veggjum og EI-CS30 hurðum.

Burðarvirki:
Hæðaskil og berandi útveggir a.m.k. R60. Þakburðarvirki R30

Klæðningar:
Allar nýjar klæðningar lofta og veggja eru í flokki 1.
Gólfefni í flóttaleiðum í flokki G.

Útveggir og Þök:
Útveggir eru með steypt ytra og innra yfirborð og ísteyptri einangrun.
Þak er með steinullareinangrun og bárujárni í flokki T.

Flóttaleiðir:
Flóttaleiðir skv. teikningu. Hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna í flóttaátt (innan frá) án lykils eða verkfæra. Á hurðum í flóttaleiðum úr verslun skal vera opnunarbúnaður skv. IST EN 179. Rennihurðir í útidyrum skulu (á afgreiðslutíma) opnast við boð frá brunaviðvörunarkerfi og við straumrof; frágangur samkvæmt leiðbeiningu Brunamálastofnunar 208.3BR1.

Út- ljós og neyðarlýsing:
Skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172
Slökkvikerfi:
Sjálfvirkt froðuslökkvikerfi er í útsogsháfi í eldhúsi.

Brunaviðvörunarkerfi:
Í allri bygginunni verður brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð, samkvæmt reglum Brunamálastofnunar og ÍST EN54.

Handslökkvibúnaður:
Brunaslöngur skv. teikningu. Handslökkvitæki staðsett nálægt slöngukeflum í samráði við slökkvilið.

Annað:
Mannvirki bensínstöðvar eru staðsett samkvæmt reglum Brunamálastofnunar um brunavarnir á bensínstöðvum og reglugerð um forðageymslur fyrir F-gas. Gerður hefur verið Þjónustusamningur um eftirlit og viðhald á brunaviðvörunarkerfi, slökkvikerfi, neyðarlýsingu, brunaslöngum, handslökkvitækjum og rafdrifnum rennihurðum.

Þjónustustöð OLÍS við Brúartorg 8 var upphaflega hönnuð af Magnúsi H Ólafssyni arkitekt

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ | DAGS |
|---|---|---|---|

BREYTINGAR

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319
www.ask.is

ÁRITUN AÐALHÖNNUÐAR

Gunnar örn Sigurðsson Arkitekt F.A.Í. kt:130666-3379
gunnar@ask.is

VERKEFNI
Brúartorg 8 Borgarnes
Þjónustustöð Olís

TEGUND TEIKNINGAR
Aðalteikning
HEITI TEIKNINGAR
Afstöðumynd

MKV. Í A2: 1:500
HANNAÐ: GÖS
TEIKNAÐ: LGS / GÖS
YFIRF.: GÖS
DAGS.: 17.03.2014

VERK NR.: 1363
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR: 10-01
ÚTGÁFA:

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.